

Skógrækt ríkisins, skipulagsfulltrúi,
Gamla Gróðrarstöðin, Krókeyri, 600 Akureyri
sími 461-5644 og 865-5908
hallgrimur@skogur.is



SKÓGRÆKT
RIKISINS

AFRIT

Skipulagsstofnun,
Þóroddur F. Þóroddsson,
Laugavegi 166,
150 Reykjavík

VEGAGERÐIN	
Norðurland eystra	
Mótt.	23 FEB 2007
Skjalalykill	1021
Málsnr.	2004030050

Akureyri, 22.02.07

Með bréfi dagsettu 01.02.2007 óskar Skipulagsstofnun eftir umsögn Skógrækt ríkisins um frummatsskýrslu um lagningu Norðausturvegar til Vopnafjarðar. Lagðir eru fram 5 kostir til athugunar. Skógrækt ríkisins fjallar um þá 2 kosti sem snerta eyðingu á skógi vegna vegalagningar.

Umsögn Skógræktar ríkisins er í samræmi við 10.gr. laga nr. 106/2000 og 22. gr. reglugerðar nr. 671/2000.

1. Hofárdalsleið Bustafellsmegin: Umfangsmesta skógareyðingin gæti orðið skammt frá norður enda brúar yfir Hofsa hjá Steinvarartungu (*teikning 8- 6/24*). Þarna er einnig gert ráð fyrir námu (*AA-1*) Fyrirhuguð veglína út dalinn liggur á nokkrum stöðum við jaðar Bustafellsskógar. Búast má við nokkurri skógareyðingu á svæði sitt hvoru megin við Þuríðará. Heildar skógareyðing vegna framkvæmda er áætluð um 4,6 ha.

Samkvæmt upplýsingum heimamanna er Bustafellsskógur í verulegri framför. Fyrirhuguð vegalögn á melum og eyrum neðan skógarins kunna að hafa áhrif á sjálfræðslu skógar sunnan vegar. Ekki verður talið að áhrif Hofárdalsleiðar Bustafellsmegin hafi veruleg neikvæð umhverfisáhrif á skóginn sjálfan utan veghelgunarlínu.

2. Vesturárdalsleið: Samkvæmt útsettum veglínunum (*teikning 8- 23/24 og 8- 24/24*) liggur fyrirhugaður vegur skammt norðan við kaupstaðinn yfir skógræktarsvæði þar sem Skógræktarfélag Íslands, Vopnafjarðarhreppur og Skógræktarfélagið Landbót í Vopnafirði hafa sameinast um umfangsmikla landgræðsluskógræk. Framkvæmdir á svæðinu hófust 1993. Fyrirhuguð veglína mun liggja um þetta svæði og skipta því í tvo hluta og hafa umtalsverð áhrif á nýtingu svæðisins til útivistar og skógræktar í framtíðinni. Áhrif vegagerðar um þetta svæði kann að hafa neikvæð áhrif út fyrir veghelgunarsvæði hins fyrir hugaða vegar.

Skógrækt ríkisins, skipulagsfulltrúi,
Gamla Gróðrarstöðin, Krókeyri, 600 Akureyri
sími 461-5644 og 865-5908
hallgrimur@skogur.is



SKÓGRÆKT
RIKISINS

AFRIT

Samkvæmt skógræktarlögum (II. kafla, 6 gr.) um meðferð skóga og kjarrs má ekkert svæði rjóðurfella nema með samþykki skógræktarstjóra og þá því aðeins að grætt sé upp að nýju jafnstórt svæði.

Með tilvísun í framangreint óskar Skógrækt ríkisins eftir að framkvæmdaaðili geri grein fyrir með hvaða hætti og hvernig staðið verði að mótvægisáðgerðum vegna fyrirsjáanlegra skógareyðingar vegna vegalagningar á Norðausturvegi til Vopnafjarðar.

F.h. Skógræktar ríkisins

Hallgrímur Indriðason
-skipulagsfulltrúi-